# Til skýringar á breytingum í starfsumhverfi tónlistarskóla

**Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr.75/1985 og aðalnámskrá tónlistarskóla útgefin af mennta- og menningarmálaráðuneytinu mynda ramma fyrir starfsemi tónlistarskóla.**

Tónlistarskólar sem starfa á grunni framangreinds skulu veita nemanda kennslu í aðalnámsgrein auk a.m.k. tveggja aukanámsgreina. Allt frá setningu laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, árið 1963, hefur einnar klukkustundar kennsla í aðalnámsgrein verið útgangspunktur skilgreiningar á fullu námi.

**Aðgerðir sveitarfélaga í kjölfar efnahagshrunsins 2008 leiddu m.a. til að kennslustundir voru styttar með tilheyrandi fjölgun nemenda í umsjá hvers kennara.**

**Dæmi um sveigjanleika í kerfinu:**
Kennari með nemendur í fullu námi, þ.e. þeir fá 60 mín. í aðalnámsgrein, er með 20 nemendur. Dæmi er um að nemendur á fyrstu námsárum fái nú einungis 40 mín. á viku í aðalnámsgrein. Ef kennarinn hefur eingöngu 40 mínútna nemendur í sinni umsjá er hann með 27 nemendur í stað 20 í fullu starfi. Sveigjanleikinn varðandi fjölda nemenda í umsjá kennara í 100% starfi nemur hér allt að 35%.

Kennari sem hefur einungis nemendur í hálfu námi, þ.e. þeir fá 30 mín. í aðalnámsgrein á viku, myndi með sama hætti fara frá því að hafa 20 nemendur í sinni umsjá upp í að vera með 33 nemendur. Sveigjanleikinn varðandi fjölda nemenda í umsjá kennara í 100% starfi nemur hér allt að 65%.

| **Starfstími skóla er sveigjanlegur ( skv. kjarasamningi, gr. 2.1.5) í þessu dæmi er gengið út frá 35 kennsluvikum:** | **35 vikur** |
|---|---|
| **Vikulegur vinnutími kennara í tónlistarskólum á starfstíma skóla** | **Grunnnám** |
| Kennsla | 20,1 klst. |
| Tónleikar og tónfundir | 2,5 klst. |
| Önnur fagleg störf* | 16,6 klst. |
| Kaffitímar / vinnuhlé | 6,1 klst. |
| **Samtals á viku** | **45 klst.** |

Hluti af faglegum störfum tónlistarskólakennara er undirbúningur fyrir kennslu, gerð einstaklingsnámskráa, námsefnisöflun, mat á námsárangri, umsagnir um nemendur og foreldrasamstarf.* Það er augljóst að þessi hluti starfsins eykst með fjölda nemenda óháð því hvort nemendur eru í fullu námi eða hvort um sé að ræða nemendur í hlutanámi. Þess vegna var samið um álag vegna nemenda í hlutanámi í kjarasamningi frá maí 2011. Hér fyrir neðan má sjá dæmi um áhrifin af álaginu fyrir kennara með grunnnámsnemendur í tónlistarskóla með 35 vikna starfstíma. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir því að kennarinn sé í 100% starfshlutfalli.

| Fjöldi nemenda á hvern tónlistarskólakennara í fullu starfi og fagleg störf tengd hverjum nemanda<br>aðgerðir sveitarfélaga í kjölfar efnahagshrunsins 2008 fólust m.a. í minni þjónustu við nemendur / skertar kennslustundir leiddu til aukins nemendafjölda í umsjá kennara | **Fyrir 2011**<br>kjarasamningur náði ekki yfir þær breytingar á starfskjörum kennara sem voru að eiga sér stað | **Árið 2011**<br>í kjarasamninginn er sett ákvæði sem nær yfir þessar breytingar á störfum kennara |
|---|---|---|
| Nemendur kennarans í fullu námi: **60 mín.** kennsla á hvern nemanda | | |
| **Fjöldi nemenda hvers kennara í 100% starfshlutfalli að jafnaði** | **20,1 nem.** | **20,1 nem.** |
| Álag vegna nemenda í hlutanámi | 0,0 klst. | 0,0 klst. |
| Önnur fagleg störf samtals með álagi | 0,0 klst. | 0,0 klst. |
| **Önnur fagleg störf með álagi fyrir hvern nemanda** | **0,0 mín.** | **0,0 mín.** |
| Nemendur kennarans í hlutanámi: **50 mín.** kennsla á hvern nemanda | | |
| **Fjöldi nemenda hvers kennara í 100% starfshlutfalli að jafnaði** | **24,2 nem.** | **23,1 nem.** |
| Álag vegna nemenda í hlutanámi | 0,0 klst. | 0,9 klst. |
| Önnur fagleg störf samtals með álagi | 0,0 klst. | 0,9 klst. |
| **Önnur fagleg störf með álagi fyrir hvern nemanda** | **0,0 mín.** | **2,4 mín.** |
| Nemendur kennarans í hlutanámi: **40 mín.** kennsla á hvern nemanda | | |
| **Fjöldi nemenda hvers kennara í 100% starfshlutfalli að jafnaði** | **30,2 nem.** | **27,0 nem.** |
| Álag vegna nemenda í hlutanámi | 0,0 klst. | 2,1 klst. |
| Önnur fagleg störf samtals með álagi | 0,0 klst. | 2,1 klst. |
| **Önnur fagleg störf með álagi fyrir hvern nemanda** | **0,0 mín.** | **4,7 mín.** |
| Nemendur kennarans í hlutanámi: **30 mín.** kennsla á hvern nemanda | | |
| **Fjöldi nemenda hvers kennara í 100% starfshlutfalli að jafnaði** | **40,3 nem.** | **32,6 nem.** |
| Álag vegna nemenda í hlutanámi | 0,0 klst. | 3,9 klst. |
| Önnur fagleg störf samtals með álagi | 0,0 klst. | 3,9 klst. |
| **Önnur fagleg störf með álagi fyrir hvern nemanda** | **0,0 mín.** | **7,1 mín.** |

*2.1.6.3 Vinnuskylda

Til vinnuskyldu tónlistarskólakennara heyra öll fagleg störf kennara, s.s. kennsla, undirbúningur undir kennslu, mat á námsárangri, námsefnisöflun, umsjón með stofu og útlánum og viðhaldi hljóðfæra, umsjón með bóka- og nótnasafni, skólanámskrárvinna, gerð kennsluáætlana, gerð einstaklingsnámskráa, innra mat á skólastarfi, foreldrasamstarf, innbyrðis samstarf kennara og samstarf þeirra við aðra sérfræðinga, hljómsveitir og kóra, þátttaka í vinnuteymum og annað sem til starfs tónlistarskólakennara heyrir.

## Til skýringar á breytingum í starfsumhverfi tónlistarskóla

**Árlegur starfstími tónlistarskóla skal aðlagaður að starfstíma grunnskóla á sama svæði / Innbyggður sveigjanleiki í kerfinu er allt að 5,8%**
Með kjarasamningunum 2001-2004 var starfstími tónlistarskóla lengdur, aðlagaður að starfstíma grunnskóla á sama svæði, og þar með felld úr gildi tilvísun í reglugerð nr. 132/1992 um starfstíma.

Ákvæði um starfstíma í tónlistarskólum fela í sér sveigjanleika sem nemur fráviki um tvær vikur frá starfstíma grunnskóla á sama svæði. Í þessu felst möguleiki á sveigjanlegum vikulegum vinnutíma, að meðtalinni vikulegri kennsluskyldu, í tónlistarskólum. Þróunin hefur verið sú að vikuleg kennsluskylda og vinnuskylda hefur aukist verulega á liðnum árum.

**Dæmi um sveigjanleika þar sem starfstími grunnskóla er 37 vikur.**
Ef tveggja vikna frávikið er nýtt og kennslutímabil tónlistarskóla á sama svæði er ákvarðað 35 vikur felur það í sér: 5,2- 5,8% hærri kennsluskyldu (fer eftir námsstigi; grunn-, mið- og framhaldsnám)

Að sama skapi er mögulegt að lækka vikulega vinnuskyldu tónlistarskólakennara ef kennslutímabilið er 39 vikur í stað 37.

## Starfstími tónlistarskóla - áhrif á vikulegan vinnutíma kennara

| Árlegur starfstími kennara í tónlistarskólum | Grunnnám | Miðnám | Framhaldsnám |
|---|---|---|---|
| Kennsla | 705 klst. | 645 klst. | 570 klst. |
| Tónleikar og tónfundir | 88 klst. | 96 klst. | 110 klst. |
| Önnur fagleg störf | 581 klst. | 633 klst. | 694 klst. |
| Undurbúningur og frágangur utan kennslutíma (8 dagar) | 64 klst. | 64 klst. | 64 klst. |
| Undirbúningur og símenntun utan starfstíma skóla, hámark | 150 klst. | 150 klst. | 150 klst. |
| Kaffitímar / vinnuhlé | 212 klst. | 212 klst. | 212 klst. |
| **Samtals á ári** | **1.800 klst.** | **1.800 klst.** | **1.800 klst.** |

| Vinnutími kennara í tónlistarskólum á kennslutímabili skóla | Grunnnám | Miðnám | Framhaldsnám |
|---|---|---|---|
| Kennsla | 705 klst. | 645 klst. | 570 klst. |
| Tónleikar og tónfundir | 88 klst. | 96 klst. | 110 klst. |
| Önnur fagleg störf | 581 klst. | 633 klst. | 694 klst. |
| Kaffitímar / vinnuhlé | 212 klst. | 212 klst. | 212 klst. |
| **Samtals á ári** | **1.586 klst.** | **1.586 klst.** | **1.586 klst.** |

**Starfstími skóla: tveggja vikna frávik frá starfstíma grunnskóla nýtt (gr. 2.1.5): 39 vikur**

| Vikulegur vinnutími kennara í tónlistarskólum á starfstíma skóla | Grunnnám | Miðnám | Framhaldsnám |
|---|---|---|---|
| Kennsla | 18,1 klst. | 16,5 klst. | 14,6 klst. |
| Tónleikar og tónfundir | 2,3 klst. | 2,5 klst. | 2,8 klst. |
| Önnur fagleg störf | 14,9 klst. | 16,2 klst. | 17,8 klst. |
| Kaffitímar / vinnuhlé | 5,4 klst. | 5,4 klst. | 5,4 klst. |
| **Samtals á viku** | **41 klst.** | **41 klst.** | **41 klst.** |

**Starfstími skóla er hér aðlagaður að starfstíma grunnskóla á sama svæði: 37 vikur**

| Vikulegur vinnutími kennara í tónlistarskólum á starfstíma skóla | Grunnnám | Miðnám | Framhaldsnám |
|---|---|---|---|
| Kennsla | 19,1 klst. | 17,4 klst. | 15,4 klst. |
| Tónleikar og tónfundir | 2,4 klst. | 2,6 klst. | 3,0 klst. |
| Önnur fagleg störf | 15,7 klst. | 17,1 klst. | 18,8 klst. |
| Kaffitímar / vinnuhlé | 5,7 klst. | 5,7 klst. | 5,7 klst. |
| **Samtals á viku** | **43 klst.** | **43 klst.** | **43 klst.** |

**Starfstími skóla: tveggja vikna frávik frá starfstíma grunnskóla nýtt (gr. 2.1.5): 35 vikur**

| Vikulegur vinnutími kennara í tónlistarskólum á starfstíma skóla | Grunnnám | Miðnám | Framhaldsnám |
|---|---|---|---|
| Kennsla | 20,1 klst. | 18,4 klst. | 16,3 klst. |
| Tónleikar og tónfundir | 2,5 klst. | 2,7 klst. | 3,1 klst. |
| Önnur fagleg störf | 16,6 klst. | 18,1 klst. | 19,8 klst. |
| Kaffitímar / vinnuhlé | 6,1 klst. | 6,1 klst. | 6,1 klst. |
| **Samtals á viku** | **45 klst.** | **45 klst.** | **45 klst.** |

**Starfstíma breytt með samningi: heimilt með samkomulagi við starfsmenn (gr. 2.1.2): 33 vikur**

| Vikulegur vinnutími kennara í tónlistarskólum á starfstíma skóla | Grunnnám | Miðnám | Framhaldsnám |
|---|---|---|---|
| Kennsla | 21,4 klst. | 19,5 klst. | 17,3 klst. |
| Tónleikar og tónfundir | 2,7 klst. | 2,9 klst. | 3,3 klst. |
| Önnur fagleg störf | 17,6 klst. | 19,2 klst. | 21,0 klst. |
| Kaffitímar / vinnuhlé | 6,4 klst. | 6,4 klst. | 6,4 klst. |
| **Samtals á ári** | **48 klst.** | **48 klst.** | **48 klst.** |

**Starfstíma breytt með samningi: heimilt með samkomulagi við starfsmenn (gr. 2.1.2): 31 vikur**

| Vikulegur vinnutími kennara í tónlistarskólum á starfstíma skóla | Grunnnám | Miðnám | Framhaldsnám |
|---|---|---|---|
| Kennsla | 22,7 klst. | 20,8 klst. | 18,4 klst. |
| Tónleikar og tónfundir | 2,8 klst. | 3,1 klst. | 3,5 klst. |
| Önnur fagleg störf | 18,7 klst. | 20,4 klst. | 22,4 klst. |
| Kaffitímar / vinnuhlé | 6,8 klst. | 6,8 klst. | 6,8 klst. |
| **Samtals á viku** | **51 klst.** | **51 klst.** | **51 klst.** |

**Starfstíma breytt með samningi: heimilt með samkomulagi við starfsmenn (gr. 2.1.2): 29 vikur**

| Vikulegur vinnutími kennara í tónlistarskólum á starfstíma skóla | Grunnnám | Miðnám | Framhaldsnám |
|---|---|---|---|
| Kennsla | 24,3 klst. | 22,2 klst. | 19,7 klst. |
| Tónleikar og tónfundir | 3,0 klst. | 3,3 klst. | 3,8 klst. |
| Önnur fagleg störf | 20,0 klst. | 21,8 klst. | 23,9 klst. |
| Kaffitímar / vinnuhlé | 7,3 klst. | 7,3 klst. | 7,3 klst. |
| **Samtals á viku** | **55 klst.** | **55 klst.** | **55 klst.** |